

Miðvikudaginn 12. júlí 1989.

Nr. 277/1989. **Oliuverslun Íslands hf.**

gegn

Landsbanka Íslands.

Kærumál. Kyrrsetning. Trygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. þ.m. samkvæmt heimild í 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Gerir hann þá dómkröfu „aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að fyrri málsliður ályktunarorða úrskurðarins verði úr gildi felldur“. Þá gerir hann kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðila auk 12% sölugjalds til ríkissjóðs.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, og áskilur sér rétt til kröfu á hendur sóknaraðila um málskostnað í væntanlegu staðfestingarmáli.

Tryggingarbréf þau, er hinn kærði úrskurður tekur til, eru, að því er best verður séð, að hluta til hin sömu og um var fjallað í dómum Hæstaréttar 3. þ.m. í málunum nr. 246 og 250/1989, en einnig hefur verið bætt við nýjum bréfum. Eru bréfin 102 að tölu, og er nafnverð þeirra samtals 299.420.000,00 krónur, en ekki 298.060.000,00 krónur, eins og segir í hinum kærða úrskurði. Varnaraðili telur tryggingarbréf þessi ekki tryggingarhæf í skilningi 13. gr. 1. nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann.

Í samræmi við dóm Hæstaréttar í málinu nr. 250/1989 fékk sóknaraðili tækifæri til að lagfæra tryggingarbréf þau, sem hann bauð fram sem tryggingu til að afstýra kyrrsetningu, áður en afstaða yrði tekin til tryggingarhæfni þeirra. Í þessu hlaut m.a. að felast, að sóknaraðila gæfist kostur á að láta þinglýsa óþinglýstum bréfum á viðkomandi eignir. Sóknaraðili lagði fram tryggingar að nýju, án þess að þessa væri gætt nema að því er varðar fjögur tryggingarbréf samkvæmt 17. flokki, sem fógeti hefur tekið gild sem tryggingu. Ber að fallast á, að ofangreind bréf séu ekki fullnægjandi

trygging. Jafnframt er staðfest ákvörðun um virðingu annarra fram boðinna trygginga.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Tryggingarbréf samkvæmt 17. og 18. flokki, 102 að tölu, samtals að nafnvirði 299.420.000,00 krónur, sem sóknaraðili, Ólíuverslun Íslands hf., hefur lagt fram sem tryggingu til að afstýra kyrrsetningu að kröfu varnaraðila, Landsbanka Íslands, teljast ekki fullnægjandi trygging.

Staðfest er ákvæði hins kærða úrskurðar um virðingu annarra fram boðinna trygginga.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 7. júlí 1989.

Í fógetarétti í dag bauð gerðarþoli, Ólíuverslun Íslands hf., fram tryggingar til handa gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, til að afstýra fram kominni kyrrsetningarkröfu hins síðarnefnda. Tryggingar þessar voru fram lagðar sem flokkur 17 til 22 eftir eðli þeirra. Gerðarþoli hefur látið bóka, að þessar tryggingar séu boðnar fram í forgangsröð í samræmi við framlagningu þeirra, svo að mati, ef krafist yrði, verði hætt, þegar fullnægjandi trygging hefur fengist. Samtals nemur verðmæti fram boðinna trygginga að mati gerðarþola 400.601.000,00 krónum.

Af hálfu gerðarbeiðanda hefur verið óskað mats á öllum fram boðnum tryggingum.

Meðal fram boðinna trygginga eru:

Í flokki 17:

20 tryggingarbréf, öll út gefin af gerðarþola, með veði í fasteignum gerðarþola víðs vegar um land, að nafnvirði samtals 172.500.000,00 krónur. (Í flokki 17 eru auk þessa þrjú þinglýst veðbréf, samtals 41.000.000,00 króna.)

Í flokki 18:

82 tryggingarbréf, út gefin af gerðarþola, með veði í ökutækjum í eigu gerðarþola, samtals að nafnvirði 125.560.000,00 krónur.

Með tryggingarbréfum þessum veðsetur gerðarþoli gerðarbeiðanda fasteignir sínar víðs vegar um land og skráningarskyld ökutæki úr öllum lögsagnarumdæmum landsins. Veðbréf þessi eiga það sammerkt, að þeim hefur ekki verið þinglýst.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli aðila frá 3. júlí sl., þar sem fjallað

er um meginhluta þessara veðbréfa, segir: „Hvergi er þess getið, að veðbréfi þurfi að vera þinglýst, þegar það er boðið fram sem trygging.“

Þá kom fram í dómi Hæstaréttar, að skort hefði á upplýsingar um verðmæti eigna og kvaða, til að bréfin teldust tryggingarhæf. Þá hefði skort á um útgáfu fram lagðra tryggingarbréfa í lausafé. Hafi fógeta borið að gera gerðarþola kost á að lagfæra tryggingarbréfin. Gerðarþoli hefur nú bætt úr þessum atriðum, og teljast öll þessi veðbréf því tryggingarhæf að þessu leyti.

Fógeti metur eða lætur meta, ef með þarf, fram boðnar tryggingar, sbr. 12. gr. laga nr. 18/1949, sbr. 13. gr. sömu laga.

Við mat umræddra tryggingarbréfa ber almennt að líta til atriða svo sem stöðu skuldar í veðröð, verðmætis veðsettra eigna svo og fjárhagsstöðu skuldara.

Í því tilviki, er hér um ræðir, kemur það fyrst til skoðunar, hvort þessum tryggingarbréfum, sem eru óþinglýst, verði yfirleitt komið í verð og þá með hvaða hætti, enda felst tryggingargildi þeirra fyrir gerðarbeiðanda í því, að fá megi greiðslu í skjóli bréfanna.

Það er forsenda fyrir almennum viðskiptum með veðskuldabréf og þá einnig tryggingarbréf, að þeim skuli þinglýst. Þetta verður að teljast eðlilegt, þar sem annars er handhafi þeirra ekki tryggður fyrir ráðstöfunum skuldara sjálfs á hinum veðsettu eignum. Þannig getur gerðarþoli, þrátt fyrir veðsetningu umræddra eigna sinna til gerðarbeiðanda, ráðstafað þeim eftir sem áður með löggerningi til grandalaus aðila. Sá aðili getur tryggt rétt sinn með þinglýsingu, er gengur frammar rétti gerðarbeiðanda. Enn fremur geta aðrir lánardrottinnar gerðarþola gengið að eignum þessum og öðlast, að fullnægðum tilteknum skilyrðum, ríkari rétt en gerðarbeiðandi, ef þinglýsing fer ekki fram.

Ekki verða gerðar minni kröfur um umrædd tryggingarbréf en gengur og gerist í viðskiptum, þegar verðmæti þeirra er virt. Það, að bréf þessi eru óþinglýst, hlýtur því að ráða mestu um verðmat þeirra.

Eftir lögum nr. 18/1949, sbr. 16. gr., kemur ekki skýrt fram, hvort gerðarbeiðandi eigi rétt til að fá tryggingarbréfin í sínar hendur, eftir að þau hafa verið tekin sem trygging, eða hvort fógeti varðveiti þau. Í síðara tilviki gæti gerðarbeiðandi ekki annast þinglýsingu bréfanna. Þess verður ekki heldur krafist, að fógeti láti á sinn kostnað þinglýsa fram boðnum veðskuldabréfum til að tryggja rétt gerðarbeiðanda samkvæmt þeim.

Við mat á tryggingarverðmætum verður að miða við þann tíma, er tryggingin er lögð fram. Mat á verðgildi umræddra tryggingarbréfa miðað við síðari tíma kemur því ekki til álita, enda yrði slíkt mat háð of mörgum óvissuþáttum.

Kyrrsetning er bráðabirgðagerð, er staðfesta þarf fyrir héraðsdómi.

Staðfestingarmál þarf einnig að höfða, ef gerðinni er afstýrt með tryggingu að öllu leyti eða að hluta. Kyrrsetningargerð skal hafa skjótan framgang, ella missir hún marks. Mál þetta hefur nú verið rekið reglulega hér fyrir rétti frá 30. maí sl. Það er ekki eðli kyrrsetningar að unnt sé að hindra framgang hennar með deilum um tryggingar, sem lagðar eru fram til að afstýra henni. Þetta sjónarmið á sér stoð í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 18/1949, þar sem segir, að kyrrsetningu, sem fram hefur farið, skuli fella niður að því marki, sem tryggingar kunni síðar að verða settar.

Það er mat fógeta, að þau óþinglýstu tryggingarbréf, er gerðarþoli hefur boðið gerðarbeiðanda til tryggingar í flokki 17 og 18 til að afstýra kyrrsetningu, samtals talin að verðmæti 298.060.000,00 kr., skuli talin verðlaus sem slík trygging.

Rétt þykir vegna kröfu gerðarþola um röð á mati fram boðinna trygginga, svo og þar sem þessi tryggingarbréf eru stór hluti fram boðinna trygginga, að mat fógeta kæmi fram nú. Aðrar fram boðnar tryggingar, þ.e. þrjú þinglýst tryggingarbréf í 17. flokki og tryggingar í flokkum 19 til 22, skulu teknar til virðingar af virðingarmönnum.

Valtýr Sigurðsson borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

20 óþinglýst tryggingarbréf, út gefin af gerðarþola, Ólíuverslun Íslands hf., samkvæmt 17. flokki svo og 82 óþinglýst tryggingarbréf, út gefin af sama, samkvæmt 18. flokki, samtals talin að verðmæti 298.060.000,00 kr., skulu teljast verðlaus sem trygging fyrir kröfu gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands. Aðrar fram boðnar tryggingar skulu virtar af virðingarmönnum.